

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

29. janúar 2026
UOS2501692/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. janúar 2026 – ID 155

Þann 9. janúar sl. fór fram reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar í Arnarlax ehf. í Fossfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit fyrir árið 2024 var skilað inn 3. júlí 2025, frávikinu er lokað.
2. Gr. 3.3. í starfsleyfi. Rekstraraðili ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var skilað inn 3. júlí 2025, frávikinu er lokað.
3. Gr. 3.3. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa útstremisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstremisbókhald og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Útstremisbókhald fyrir árið 2024 var skilað inn 3. júlí 2025, frávikinu er lokað.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits